

Nd.

## 562. Frumvarp til laga

um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá menntamálanefnd.

### 1. gr.

Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ráðherra eða þeim, sem verkið lætur framkvæma, þykir ástæða til, hvort sem mannvirkin eru reist af ríkinu, bæjar- eða sveitarfélögum eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af opinberu fé til framkvæmdanna.

### 2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna dómnefnd og fimm menn til vara. Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður dómnefndarinnar. Annar dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar í því sveitarfélagi, þar sem mannvirkið á að reisa. Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma. Fjórti og fimmta dómnefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu stéttarféлага húsameistara og verkfræðinga. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

### 3. gr.

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar og að dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Verðlaun, kostnað við útboðið svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

### 4. gr.

Samkeppni, er fer fram samkv. lögum þessum, skal auglýsa opinberlega. Almenníngi skal heimilt að kynna sér dómsniðurstöður og lausnir keppenda í minnst 7 daga, eftir að dómnefnd hefur lokið störfum.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Seint á síðasta þingi var flutt frumvarp um þetta efni á þskj. 453. Frumvarpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Fátt ber glegggra vitni um menningarstig hveris þjóðfélags og anda samtíðarinnar en hin ýmsu mannvirki þess.

Þar sem flest mikilvægustu mannvirki þessa þjóðfélags eru reist — að verulegu leyti — fyrir opinbert fé, er það sjálfsgöð skylda hins opinbera að tryggja það í eins ríkum mæli og auðið er, að lausnir á þessum verkefnum takist vel.

Með þessa hugsjón í huga er þetta frumvarp flutt hér.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til þess, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti.

Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið, til þess að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum.

Með slíkri samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum er öllum þeim, sem þess óska, gefinn kostur á að leggja fram sinn skerf, til þess að íslensk verkmenning verði sem fullkomnust.

Það er vitað mál, að ávallt eru skiptar skoðanir um það, á hvern hátt sé hentugast að gera hin ýmsu mannvirki úr garði. Sérstaklega finnst öllum almenningi hann varða um þau mannvirki, er reist eru fyrir hans fé, eins og skiljanlegt er. Þeir embættismenn eða trúnaðarmenn hins opinbera, sem hafa þessi mál með höndum, sæta oft að ástæðulausu harðri gagnrýni fyrir gerðir sínar.

Það er fengin reynsla fyrir því, að bezta tryggingin gegn slíkri gagnrýni er sú að láta fara fram samkeppni um hugmyndir að hinum ýmsu mannvirkjum.

Í flestum tilfellum munu allir aðilar sætta sig við slíka lausn, og er það mál-efnislega mikilvægt fyrir þjóðfélagið í heild. Það er kunnugt, að hið opinbera hefur marga þrýðilega sérfræðinga á hinu verklega sviði í þjónustu sinni.

Það er ekki tilgangurinn með frumvarpi þessu að útiloka áður nefnda starfsmenn frá því að koma hugmyndum sínum um hin ýmsu opinberu mannvirki á framfæri, heldur er beinlínis ætlað til þess, að þeir taki þátt í slíkri samkeppni, eins og við verður komið. Í mörgum tilfellum munu þessir aðilar jafnvel standa betur að vígi í slíkri samkeppni en aðrir starfsbræður þeirra vegna þegar fenginnar margra ára reynslu í sérgreinum sínum.

Þrátt fyrir það er sú hættu fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða.

Tilbreytingarleysi í þessum efnunum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurð-artilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði.

Flutningsmenn þessa frumvarps vonast til þess, að þessum málum sé sanngjarnlega fyrir komið í frumvarpi þessu og að það muni stuðla að því að auka fjölbreytni, styðja og efla verkleg vísindi hér á landi, ef það yrði að lögum.“

Frumvarpinu var vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en hún sendi það til umsagnar Húsameistarafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands, húsameistara ríkisins og Þóri Baldvinsyni húsameistara. Umsagnir þessara aðila bárust ekki fyrir en að þingi loknu. Kom málið því ekki til afgreiðslu í nefndinni. Verkfræðingafélag Íslands gerði ýmsar breytingartillögur við frumvarpið.

Menntamálanefnd hefur athugað þessar umsagnir og tillögur og orðið sammála um að flytja frumvarpið í þeirri mynd, sem að framan greinir. En breytingar þær, sem hún hefur gert á upphaflega frumvarpinu, eru gerðar með hliðsjón af tillögum Verkfræðingafélagsins. Umsagnir áður greindra aðila birtast hér sem fylgiskjöl.

## Fylgiskjal I.

### VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. febr. 1944.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 6. des. síðastliðins árs, sent Verkfræðingafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frumvarp þetta náði eigi afgreiðslu á síðasta þingi og mun enn eigi hafa verið borið fram að nýju. Engu að síður hefur stjórn V.F.Í. tekið mál þetta til ihugunar, ef ske kynni, að frumvarpið yrði borið fram á því þingi, sem nú situr, og leyfir sér því að koma fram með eftirfarandi athugasemdir og tillögur.

Í greinargerð fyrrnefnds frumvarps er komið svo að orði, að sú hættu sé fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða.

Telja flutningsmenn almenna hugmyndasamkeppni vera öruggustu leiðina til að girða fyrir slíka einhæfni.

Á undanförunum árum hefur öðru hverju verið efnt til slíkrar samkeppni, og má þar t. d. nefna samkeppni um byggingu sjómannaskólans, um aukningu síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Raufarhöfn, samkeppni um fyrirkomulag nýtzkutogara og samkeppni um byggingu hinnar nýju Neskirkju, sem þó enn er eigi orðin heyrin kunn. Erlendis er og slík samkeppni háð öðru hverju, og þykir þá því meiri fengur í þeim sem þátttakendur eru fleiri.

Nokkuð eru þó skoðanir manna skiptar um það, hvort gagn sé að slíkri samkeppni yfirleitt.

Helzta mótbáran er sú, að það geti komið fyrir, að við samkeppnina komi ekki fram lausn á viðfangsefninu. Vissulega á það sér stað, og er því meiri hættu á því

sem þátttakendur eru færri. Óneitanlega rýrir það nokkuð gildi samkeppninnar, en þó má eigi gleyma því, að fram koma venjulega talsverðar upplýsingar við samkeppnina, er að haldi geta orðið, þegar til framkvæmda mannvirkisins kemur.

Það er því sameiginlegt álit stjórnarmanna V.F.Í., að hugmyndasamkeppni sú, er frumvarpið fjallar um, sé almennt til gagns og nytsemdar.

Virðingarfyllst,

Árni Pálsson.      Jón E. Vestdal.      Jakob Guðjohnsen.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

### Fylgiskjal II.

#### HÚSAMEISTARI RÍKISINS

Reykjavík, 25. jan. 1944.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur með bréfi 6. des. f. á. óskað umsagnar minnar um frumvarp á þingskjali 453 varðandi hugmyndasamkeppni um opinberar byggingar.

Hugmyndasamkeppni á þeim grundvelli, sem um ræðir í fyrrnefndu frumvarpi, veit ég ekki, að tíðkist í nokkru landi. Slik samkeppni getur aðeins komið til mála, ef um er að ræða lauslegar byggingarfyrirmyndir, en annað ekki.

Þó að nefndin spyrjist ekki beinlínis fyrir um það, hvaða kostnaðarauki mundi vera að því að láta ríkisbyggingar í hendur privat húsameistara, skal ég nefna tvö dæmi til skýringar.

Öll húsameistarastörf á teiknistofu húsameistara ríkisins á árinu 1942 (það er síðasta ársskýrslan, sem er fullgerð frá teiknistofunni) námu samkvæmt gjaldskrá húsameistara um 230 þús. krónum, en öll útgjöld frá ríkissjóði fyrir sama ár til teiknistofunnar námu um 125 þús. krónum. En auk húsameistaravinnunnar voru unnin ýmis störf í teiknistofunni, t. d. alls konar fyrirspurnir, bréfaskriftir og útborganir, sem kostað hefði stórfé að greiða sérstaklega.

Til frekari skýringar má geta þess, að húsameistarastörfin við byggingu háskólans hefðu kostað með núgildandi gjaldskrá húsameistara um 130 þús. krónur.

Virðingarfyllst,

Guðj. Samúelsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

### Fylgiskjal III.

#### HÚSAMEISTARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. jan. 1944.

Húsameistarafélag Íslands hefur á almennum félagsfundi þann 6. jan. tekið til umræðu frumvarp nr. 453, um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum, og var eiuróma samþykkt að mæla með frumvarpinu óbreyttu að öðru en því, að æskilegt þykir, að ákveðið verði, af hvaða fé greiða skuli kostnað við samkeppni, hvort hann skuli greiða af fé því, er sjóðir ríkis, bæja eða sveita leggja til mannvirkisins, eða af öðru fé.

Oss virðist æskilegt, að þetta sé greitt af þeim hluta, er opinber sjóður  
leggur til.

Virðingarfyllst,

Húsameistarafélag Íslands.

Halldór H. Jónsson,      Sig. Guðmundsson,  
formaður.                      ritari.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

TEIKNISTOFA LANDBÚNAÐARINS

Reykjavík, 4. jan. 1944.

Sbr. bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis frá 6. des. 1943, vegna  
frumvarps til laga nr. 453.

Þar sem samkeppni um uppdrætti að ýmiss konar byggingum hefur við-  
gengizt hér á landi og þar sem æskilegt verður að teljast, að af og til sé leitast  
fyrir um það bezta, er sérfróðir menn hafa fram að bera í byggingarlist, virðist  
ekki óeðlilegt, að reglur séu settar um þetta atriði og opnaðar fjárhagslegar leiðir,  
er skapi möguleika til framkvæmda, þegar ástæða þykir til.

Virðingarfyllst,

Þórir Baldvinsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.